

Mánudagurinn 25. apríl 1983.

Nr. 83/1981.

Jensína Sigurgeirsdóttir

og

Hagtrygging h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Ævari Lúðvíkssyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1981. Þeir gera þær dómkröfur, að krafa stefnda um skaðabætur úr hendi þeirra verði lækkuð, meðal annars á grundvelli sakarskiptingar, bæði að vöxtum og höfuðstól, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til þess að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Bifreiðin Y 6305 var eign stefnda, en hafði eigi enn verið skráð á nafn hans í bifreiðaskrá, er árekstur sá varð, sem málið er af risið. Hús það, sem bifreiðin rakst utan í, er nr. 6 A við Hverfisgötu.

Áfrýjandi Jensína stöðvaði bifreið sína við Hverfisgötu, sem nýtur aðalbrautaréttar gagnvart Urðarstíg, og ók síðan inn á gatnamótin án þess að veita bifreið stefnda athygli. Braut hún með þessu gegn 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ósannað er, að stefndi hafi ekið of hratt eða andstætt umferðarreglum að öðru leyti. Eins og á stóð, voru ekki óeðlileg þau viðbrögð hans að sveigja bifreið sinni til vinstri. Verður ekki séð, að honum hafi orðið á slík mistök, að efni séu til, að hann beri hluta tjóns síns sjálfur samkvæmt 68. gr. umferðarlaga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta

hinn áfrýjaði dóm að öðru leyti en því, að vaxtakrafa stefnda, sem er um dómvexti, verður ekki tekin til greina frá fyrri tíma en 26. ágúst 1980, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 46% ársvextir frá 26. ágúst 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur, Jensína Sigurgeirsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Ævari Lúðvíkssyni, óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara og Guðrúnar Erlendsdóttur, setts hæstaréttardómara.

Fallast má á það með héraðsdómara, að það hafi verið veruleg vangæsla hjá áfrýjanda Jensínu að veita ekki bifreiðinni Y 6305 athygli, fyrr en rétt í sama mund og árekstur bifreiðanna varð, en henni bar að víkja fyrir umferð eftir Hverfisgötu, sbr. 3. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968. Verður því að telja, að áfrýjandi Jensína beri alla ábyrgð á árekstri bifreiðanna og eigi því að bæta stefnda það tjón, sem af honum hlaut.

Árekstur bifreiðarinnar Y 6305 utan í húsið nr. 6 A við Hverfisgötu verður að telja afleiðingu árekstrar bifreiðanna. Hins vegar þykir ljóst, að stefnda hafi fatast stjórn bifreiðar sinnar frammar en áreksturinn gaf tilefni til, er hann ók upp á gangstéttina meðfram húsinu nr. 6 A og hemlaði þar með

þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst utan í húsið. Að þessu athuguðu þykir rétt, að stefndi beri sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta þess tjóns, er af þeim árekstri hlaust.

Samkvæmt þessu teljum við, að dæma beri áfrýjendur til að greiða stefnda 9.000.00 krónur ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði meiri hluta dómara segir.

Við erum sammála meiri hluta dómara um greiðslu málskostnaðar.

Dómur bjarþings Hafnarfjarðar 9. janúar 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. desember sl., hefur Ævar Lüðviksson bifvélavirki, Helligötu 35, Hafnarfirði, höfðað á bjarþinginu þann 16. september 1980, þar sem mætt var af hálfu stefndu, Jensínu Sigurgeirsdóttur, Arnarhrauni 22, Hafnarfirði, og Ragnars Ingimarssonar stjórnarformanns, Mávanesi 22, Garðakaupstað, f. h. Hagtryggingar h/f, Sudurlandsbraut 10, Reykjavík, og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmd til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 12.000.00 krónur (gkr. 1.200.000) auk dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 3. apríl 1980 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefndu kom greinargerð fram í málinu þann 14. október sl. Í þinghaldi 3. nóvember sl. varð sáttatilraun dómara með umboðsmönnum aðilja árangurslaus og málinu frestað til framhaldssáttaumleitunar og frekari gagnaöflunar til 2. desember sl., en þá varð útivist af hálfu stefndu. Er málið því skriflega flutt samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að krafa stefnanda um skaðabætur á hendur þeim verði verulega lækkuð, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, og stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta er höfðað gegn stefndu til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem varð á bifreiðinni Y 6305, er hún lenti í árekstri við bifreiðina G 3333 á Hverfisgötu við Urðarstíg í Hafnarfirði og síðan utan í húsið Hverfisgötu 6 B fimmtudaginn 3. apríl 1980, um kl. 1230. Bifreiðinni G 3333 var ekið eftir Urðarstíg inn á Hverfisgötu, en Y 6305 var ekið norður Hverfisgötu, og varð áreksturinn með þeim hætti, að framendi G 3333 og hægra afturbretti Y 6305 rákust saman. Hverfisgata er aðalbraut og biðskyldumerki uppi við Urðarstíg fyrir umferð um Hverfisgötu. Í lögregluskýrslu er tjón á bifreiðunum sagt lítið. Dagsbirta hafi verið, en skýjað. Yfirborð vegar malbikað, en blautt. Stefnandi var ökumaður Y 6305, en stefnda, Jensína Sigurgeirsdóttir, ökumaður G 3333. Y 6305 er fólksbifreið af tegundinni Oldsmobile, en G 3333 fólksbifreið af tegundinni Datsun, í eign Bilaleig-

unnar Greiða h/f, Miðvangi 100, Hafnarfirði. Í lögregluskýrslu segir, að eigandi Y 6305 sé Hallfríður Einarsdóttir, Furugrund 58, Kópavogi. Þá er haft eftir stefndu, Jensínu Sigurgeirsdóttur, að hún hafi ekið að Hverfisgötu og stöðvað. Hugað að umferð um Hverfisgötu og síðan ekið af stað áleiðis suður hana, þar sem hún hafi ekki séð neina bifreið. Þá hafi hún skyndilega séð bifreiðina Y 6305, sem ekið hafi verið á miklum hraða norður Hverfisgötu. Hún hafi þá hemlað, en framendi G 3333 rekist á hægri afturbretti Y 6305. Eftir stefnanda er haft, að hann hafi ekið á venjulegum umferðarhraða. Er hann hafi verið að nálgast Urðarstíg, hafi hann séð G 3333 kyrrstæða á Urðarstíg og ökumann hennar sýnilega hafa beðið færiss að aka inn á Hverfisgötu. Síðan hafi G 3333 verið ekið í veg fyrir Y 6305 og hann þá sveigt til vinstri, en framendi G 3333 þá rekist á hægri afturbretti Y 6305. Þá hafi stefnandi sagt, að vinstra afturbretti bifreiðar hans hafi stökist utan í húsið Hverfisgötu 6 B. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni, að bæði afturbretti Y 6305 hafi verið skemmd og á G 3333 hafi hægri frambretti, húdd, grill og framstuðari verið skemmt. Meðfylgjandi lögregluskýrslunni er afstöðuteikning af vettvangi, gerð af öðrum lögregluþjóninum, sem fór á staðinn.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann aki þessa götu fjórum sinnum á dag. Hann kveðst í umrætt sinn hafa ekið á þeim hraða sem hann sé vanur. Hann hafi ekið á u. þ. b. 30 mílna hraða miðað við klst., en gæti hafa verið aðeins undir þeim hraða. Hann kveður Y 6305 vera árg. 1971 og hafa verið í mjög góðu lagi að öllu leyti. Það hafi lögreglan athugað á staðnum. Hann kveður Y 6305 vera um eða yfir 2 m á breidd, jafnvel 2.05 m, og með lengri bifreiðum, jafnvel 5.50 m og nálægt 2 tonn-um á þyngd. Hann kveðst hafa verið u. þ. b. 3 billengdir frá gatnamótunum eða aðeins minna, er hann fyrst varð var ferðar G 3333, sem þá hafi verið svo að segja stopp. Hann hafi séð ökumann G 3333 líta fyrst til vinstri, síðan til hægri. Síðan hafi ökumaðurinn ekið út í götuna. Hann kveðst ekki hafa búist við öðru en konan hefði séð sig. Hann kveðst hafa haldið svipuðum hraða að gatnamótunum. Hann kvaðst ekki hafa aukið hraðann, er hann sveigði til vinstri, enda hafi þá verið u. þ. b. 2 metrar að G 3333. Hann kveðst ekki hafa hemlað fyrir áreksturinn og kveður það þá aðeins hafa valdið því, að hann hefði lent á hlið G 3333. Hann kveðst hafa lagt á Y 6305 eins og hægt var til vinstri og kveður bifreiðina ekki hafa rásað við það. Þó gæti það verið, en ekki þannig, að hann fyndi það, enda allt gerst mjög skjótt, á 1 sek eða svo. Við áreksturinn hafi G 3333 verið á ferð, ekki stopp. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að G 3333 væri hemlað fyrir áreksturinn, og reiknar með, að konan hafi ekki haft hugmynd um sig á götunni. Umferð hafi ekki verið á móti og ekkert utanaðkomandi hafi byrgt útsýni við gatnamótin. Hann kveðst hafa lagt strax aftur á bif-

reiðina til hægri eftir áreksturinn og ekki hemlað fyrir en uppi á gangstéttinni og þá hafi Y 6305 verið orðin bein fyrir. Þá hafi hann hemlað fast og Y 6305 hoppað upp við það að aftan og lent á húsinu sökum breiddar Y 6305. Bifreiðin sé búin lofthemlum og diskum á öllum hjólum. Er hann hemlaði, hafi hægri afturhjólið numið alveg við rennusteinin og gangstéttarbrúnina og það því hoppað upp á gangstéttina við átakið. Um leið og hann hafi orðið var við, að eitthvað gerðist, hafi hann sleppt hemlunum og Y 6305 því haldið áfram, en bifreiðin sé sjálfskipt. Síðan hafi hann stöðvað aðeins frá. Hann kveður engin hemlaför hafa mælst. Hann kveður Y 6305 ekki hafa numið staðar, er hún lenti á húsinu. Varðandi uppdráttinn telur hann engan árekstur hafa orðið, ef G 3333 hefði ekki verið komin lengra út í götuna en uppdrátturinn sýnir. Annað hvort sé gatan sýnd of breið eða G 3333 of stutt úti í götunni. Hann kveðst hafa verið kominn það nálægt G 3333, að þó nægilegt rými væri á götunni með því að sveigja til vinstri, hafi það ekki skipt máli. Hann kveðst ekki hafa heyrt, er áreksturinn varð, og kveður tjónið hægri megin á Y 6305 aðeins hafa verið dæld í afturbrettið. Hann kveður vinstri hliðina hafa lent á gluggakistu á húsinu. Hann kveðst hafa lent uppi á gangstéttinni í síðasta lagi við hornið nær á húsinu.

Vitnið Guðjón Sigurbjörnsson verkamaður, Túngötu 20, Vestmannaeyjum, fæddur 28. febrúar 1958, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á eftir Y 6305 frá Kastalanum við Hverfisgötu (nr. 56). Hann hafi ekið á 40—50 km. hraða miðað við klst. og verið u. þ. b. 30 m á eftir Y 6305. Hann hafi verið u. þ. b. 30 m frá gatanamótunum við Urðarstíg og þá séð G 3333 koma þá götu og stöðva eða hægja á sér, en ekki hafa hinkrað, og aka síðan beint út á götuna. Hann kveður Y 6305 þá hafa verið mjög nálægt gatnamótunum og telur ökumann þeirrar bifreiðar, sem ekið hafi verið með svipuðum hraða og hann ók, ekki hafa haft tæk á að forða árekstri (sic). Hann kveður Y 6305 ekki hafa verið hemlað fyrir en eftir áreksturinn, en hafa sveigt til vinstri fyrir áreksturinn. Það hafi gerst í skjótri svipan, að Y 6305 lenti upp á gangstéttinni. Hann kveðst ekki frá því, að Y 6305 hafi aukið hraðann, um leið og henni var sveigt til vinstri. Hann kveður Y 6305 hafa verið nokkuð þvert á götunni, er áreksturinn varð. Þá hafi G 3333 einnig verið á ferð. Ökumaður hennar hafi vaðið inn á götuna, en farið rólega. Hann kveðst hafa séð vel til árekstursins og eins þegar G 3333 kom eftir Urðarstíg að Hverfisgötu. Hann kveðst ekki muna, hvort Y 6305 kastaðist til við áreksturinn. Ökumaður Y 6305 hafi ekki haft tíma til að hemla fyrir áreksturinn og minnir, að hann hafi fyrst séð hemlaljós á þeirri bifreið uppi á gangstéttinni, en áður en bifreiðin lenti á húsinu. Hann kveðst ekki muna, hvort G 3333 var hreyfð eftir áreksturinn né heldur hvort hún kastaðist til við áreksturinn. Hann kveður

umferð ekki hafa verið á móti á Hverfisgötu við árekstursstaðinn. Hann kveður akstur Y 6305 hafa verið venjulegan og telur hann ekki hafa verið ógætilegan eða hættulegan. Hann kveður G 3333 ekki hafa verið komna yfir miðja Hverfisgötu en nær miðju en uppdráttur sýni. Hann kveðst ekki muna, hvort verið hafi kyrrstæðar bifreiðar í staðum sunnan Urðarstígs, hægra megin á Hverfisgötu miðað við akstursstefnu hans.

Varðandi málsatvik, málsástæður og lagarök segir í greinargerð stefndu: „Atvik að slysinu voru þau, að stefnandi var á ferð norður Hverfisgötu í bifreið sinni og ætlaði beint áfram, er hann kom að gatnamótum hennar og Urðarstígs. Stefnda Jensína kom hinsvegar úr vesturátt niður Urðarstíg og hugðist beygja til vinstri suður Hverfisgötu. Hún stöðvaði við gatnamótin, þar sem biðskylda er fyrir akstri frá Urðarstíg, en sá ekki til ferða stefnanda né annarra bifreiða. Hún ók því af stað inn í götuna, en sá þá bifreið stefnanda koma aðvifandi sunnan götuna, á miklum hraða. Við þetta hemlaði hún þegar í stað, þannig að bifreið hennar, sem er lítil, var naumast komin sem svarar hálfri lengd sinni inn á akbraut Hverfisgötu, er hún stöðvaðist. Y 6305 var hinsvegar ekið áfram, og liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi reynt að hemla henni, né heldur tókst honum að sveigja fyrir G 3333, þótt til þess væri nægilegt rými (um 5 m af um 7 m akbrautarbreidd). Fór svo, að bifreiðarnar rákust saman, þannig að afturbretti Y 6305 lenti utan í framenda G 3333, er hún fór hjá hinni síðarnefndu, og skemmdist hvorttveggja. G 3333 var kyrr á sama stað eftir áreksturinn, en Y 6305 var ekið áfram austantil í götunni, að nokkru leyti uppi á gangstétt, þar til hún var stöðvuð tæplega 30 m norðan við árekstursstaðinn. Á þessari leið hennar rakst vinstra afturaurbretti bifreiðarinnar utan í húsið Hverfisgötu 6 A, þannig að hún stórskemmdist aftanvert á þeirri hlið.

Með vísan til þessara atvika verður að telja, í fyrsta lagi, að stefnandi eigi aðalsökina á árekstri bifreiðanna og hljóti að bera meginhluta ábyrgðarinnar á honum samkvæmt 68. gr. umfl. Er ljóst, að hann hefur ekið bifreið sinni, sem er tiltölulega stór, allt of hratt miðað við aðstæður, þannig að kalla má það hættuakstur. Má marka þetta af allri atburðarásinni, en þó einkum því, að hann skyldi lenda utan í húsinu. Með þessu hefur hann m. a. gerst brotlegur við ákvæði 49. gr. umfl., aðallega 1. og 2. mgr. og a-, c- og f-liði 3. mgr.

Í öðru lagi má ljóst vera, að sök hjá stefnda Jensínu varðandi áreksturinn hlýtur að vera óveruleg, ef hún er nokkur. Óumdeilt er, að hún stöðvaði við gatnamótin með tilliti til biðskyldunnar, og var ekki nema eðlilegt, að hún legði síðan af stað inn á Hverfisgötu, úr því að hún sá ekki strax til bifreiðar stefnanda. Henni tókst og að stöðva bifreið sína, áður en hún var komin nema litillega inn á götuna.

Í þriðja lagi verður að telja bæði rétt og skylt að greina allskostar á milli

áreksturs bifreiðanna annarsvegjar og áreksturs Y 6305 við húsið Hverfisgötu 6 A hinsvegjar og halda tjóni af þessum árekstrum fullkomlega aðskildu. Eins og atburðarásin varð, er það einungis áreksturinn milli bifreiðanna sjálfra, sem getur talist vera viðkomandi stefndu og eiganda G 3333 og fallið undir reglu 68. gr. umfl. um skiptingu ábyrgðar vegna bifreiðaárekstursins. Aksturinn utan í húsið er hinsvegjar fyrst og fremst afleiðing af hættusömum akstri stefnanda sjálfs, en ekki af árekstri bifreiðanna, og stendur ekki í svo eðlilegu og nauðsynlegu sambandi við hinn síðarnefnda, að hann geti talist hluti af honum.

Mótmæli stefndu við kröfum stefnanda eru fyrst og fremst byggð á þeim atriðum, sem að framan hafa verið rakin og beinast að skiptingu ábyrgðarinnar á tjóni stefnanda og skiptingu þess í sjálfstæða þætti. Hinsvegjar er því ekki mótmælt tölulega séð, hvaða tjón hann hafi beðið vegna skemmda á bifreiðinni Y 6305 í ofangreindum árekstrum, heldur eru stefndu sammála því, að tjónið af árekstrinum við G 3333 (á hægri hlið) hafi numið kr. 300.000 og af árekstrinum við húsið (á vinstri hlið) kr. 900.000. (Gamlar krónur. Innsk. dómarar).

Það er þannig krafa stefndu, aðallega, að ekki komi annað til skipta í máli þessu en tjónið af árekstri bifreiðanna og af því verði stefnandi látinn bera meginhlutann, en tjónið af akstrinum á húsið beri hann að öllu leyti.

Til vara gætu stefndu fallist á það að bera tjónið á vinstri hlið bifreiðarinnar, ef stefnandi bæri allt tjónið á hægri hlið.

Til þrautavara yrði það krafa stefndu, ef tjónið yrði allt talið eiga að koma til skipta, að meginhluti ábyrgðar af öllu tjóninu yrði lagður á stefnanda. Yrði niðurstaðan þá væntanlega svipuð og samkvæmt varakröfu.

Það athugast um málatilbúnað stefnanda, að hann hefur ekki stefnt eiganda G 3333, og er á það bent sem hugsanlegt frávisunaratriði.

Af hálfu stefnanda er málsóknin á því reist, að samkvæmt almennu skaðabótareglunni og 67. gr. umferðarlaga beri stefnda Jensina alfarið ábyrgð á öllu tjóninu á bifreiðinni Y 6305 með því að hafa brotið 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga auk þess að hafa bakað stefnanda tjón með gáleysislegum akstri sínum. Við að reyna að sveigja frá bifreiðinni G 3333 og við höggið af árekstrinum hafi bifreiðin Y 6305 kastast til, þannig að vinstra afturbretti hennar hafi rekist í húsið Hverfisgötu 6 A. Málinu sé jafnframt beint gegn Hagtryggingu h/f, sem hafi tryggt bifreiðina á umræddum tíma í samræmi við 70. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga. Lögð er sérstök áhersla á það af hálfu umboðsmanns stefnanda í skriflegri sókn, að hann telji sannað, að stefnda Jensina hafi ekið bifreiðinni G 3333 mjög ógætilega út á Hverfisgötu af Urðarstíg hinn 3. apríl 1980 (skirdag) og þá ekið á bifreið stefnanda, Y 6305, og valdið þar með tjóni á hægri afturbretti hennar.

Til að reyna að forða árekstri (sic) eða að minnsta kosti til að koma í veg fyrir frekara tjón hafi stefnandi reynt að sveigja frá bifreiðinni G 3333. Bifreið hans hafi þá lent uppi á gangstig og er hann hafi stigið á hemla bifreiðarinnar, hafi hægra afturhjóli bifreiðarinnar farið utan í rennistein með þeim afleiðingum, að bifreiðin hafi kastast öll til og upp á gagnstétt, sem ekki hafi verið nægjanlega breið fyrir bifreiðina. Þá hafi vinstra afturhorn bifreiðarinnar rekist í húsið nr. 6 A við Hverfisgötu með þeim afleiðingum, að bifreiðin skemmdist. Beint orsakasamband sé á milli ógætilegs aksturs stefndu Jensínu og tjóns stefnanda og beri hún alfarið ábyrgð á tjóni þessu samkvæmt umferðarlögum vegna ógætilegs aksturs svo og samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Þá beri stefndi Hagtrygging h/f ábyrgð á skaðanum, þar sem bifreiðin G 3333 sé tryggð hjá Hagtryggingu h/f skv. 70. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga.

Er áreksturinn varð, hafi stefnandi ekið norður Hverfisgötu á venjulegum umferðarhraða, u. þ. b. 40 km/klst. Þess beri að geta, að engin umferð hafi verið um þetta leyti, um hádegisbil á skírdag. Stefnda Jensína þá skyndilega ekið í veg fyrir hann og stefnandi ekki átt möguleika á að stöðva bifreiðina í tíma, þar sem hann hafi verið um það bil kominn að gatnamótunum, er bifreiðinni G 3333 hafi verið ekið í veg fyrir bifreið hans.

Hefði hann hemlað, sé nokkuð víst, að bifreið hans hefði runnið á hlið G 3333 með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og tjónið orðið að líkindum allverulegt.

Hins vegar með því að sveigja frá bifreiðinni G 3333 hafi stefnandi reynt að forða árekstri (sic). Verði honum á engan hátt um það kennt, að tjón þetta varð.

Lögð er áhersla á, að hraði bifreiðarinnar Y 6305 hafi alls ekki verið of mikill miðað við aðstæður, eins og haldið sé fram í greinargerð stefndu. Þó hraði hennar hefði verið eitthvað minni, hefði það litlu breytt í máli þessu, þar sem ekki sé orsakasamband milli árekstursins og hvort bifreiðin hefði verið á 20 eða 40 km hraða. Árekstur hafi ekki orðið umflúinn.

Þegar stefnandi stigi á hemla bifreiðarinnar, kastist bifreiðin til, þar sem annað afturhjóli bifreiðarinnar hafi verið skorðað í rennusteini götunnar, en ekki af völdum hraða bifreiðarinnar. Að minnsta kosti beri stefndi þá sönnunarbyrðina fyrir því.

Stefnandi og vitnið Guðjón Sigurbjörnsson séu báðir sammála um, að uppdráttur lögreglu sé rangur að því leyti, að bifreiðin G 3333 hafi verið komin lengra að miðlinu, er áreksturinn varð, en uppdráttur síni. Telji stefnandi, að stefnda Jensína hafi, þrátt fyrir að hún hafi litið fyrst til vinstri, er hún kom að gatnamótunum, ekki haft hugmynd um, að bifreiðin Y 6305 var að nálgast, hafi henni orðið á mikil mistök í akstrinum með

því að gæta ekki betur að umferð á Hverfisgötu, áður en hún ók inn á götuna. Beri hún því alfarið ábyrgð á tjóni þessu.

Samkvæmt framburði Guðjóns Sigurbjörnssonar hafi akstur bifreiðarinnar Y 6305 verið á allan hátt eðlilegur og hvorki ógætilegur né hættulegur. Hins vegar hafi bifreiðinni G 3333 verið ekið beint út á götuna eftir að hafa hægt á sér við gatnamótin og ökumaður Y 6305 ekki haft tök á að forða árekstri (sic).

Sérstaklega er vakin athygli á biðskyldu G 3333 á þessum stað.

Á vettvangsgöngu hafi komið í ljós, að akbrautin sé u. þ. b. 5 metra breið. U. þ. b. 2 m af breidd götunnar fari hins vegar í bifreiðastæði. Því sé alfarið mótmælt, eins og fram komi í greinargerð stefnda, að bifreiðinni G 3333 hafi verið hemlað, er hún hafi verið komin naumast hálfra lengd sína inn á akbraut Hverfisgötu. Af hálfu stefnanda er það talið beinlínis rangt og ósannað og stangast á við framburð vitnisins og stefnanda. Hefði svo verið, hefði enginn árekstur orðið. Nægjanlegt rými hafi verið fyrir bifreiðina G 3333, ef henni hefði verið ekið inn á gatnamótin, eða a. m. k. 2 metrar, áður en hún ekur inn á hina raunverulegu akbraut. Af hálfu stefnanda er talið sannað, að hún hafi „vaðið inn á götuna,“ eins og vitnið í málinu komist að orði, án þess að gætt væri að einhverri umferð áður.

Mótmælt er sem röngu og ósönnuðu, að stefnandi hafi sýnt af sér hættuakstur og ekið of hratt, heldur talið sannað, að hann hafi ekið mjög eðlilega og gætilega og jafnframt með snarræði forðað enn frekara tjóni (sic) með því að sveigja frá G 3333.

Því er mótmælt, að stefnandi beri á einn eða annan hátt ábyrgð á tjóninu og skipta beri sök. Hann hafi valið besta kostinn, að sveigja frá, en ekki hemla umrætt sinn og verði ekki um kennt, að bifreið hans rakst á húsið að Hverfisgötu 6 A.

Beri því að dæma stefndu in solidum til greiðslu stefnukrafna auk vaxta og málskostnaðar.

Dómarinn hefur farið á vettvang ásamt lögmanni stefnanda og stefnanda málsins og kynnt sér staðhættu.

Það er áður fram komið, að umferð eftir Hverfisgötu nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð frá Urðarstig, sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ökumanni bifreiðarinnar G 3333 bar því skilyrðislaust að víkja fyrir umferð eftir Hverfisgötu, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þess gætti ökumaðurinn ekki, heldur ók inn á Hverfisgötu og í veg fyrir bifreið stefnanda. Varð stefnda Jensína þannig frumvöld að árekstri bifreiðanna. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja það verulega vangæslu hjá stefndu Jensínu að veita ekki bifreiðinni Y 6305 athygli fyrr en þá rétt í þann mund, er bifreiðin Y 6305 kom að gatanmótunum og árekstur bifreiðanna varð.

Það er ósannað, að stefnda Jensína hafi, er hún ók inn á Hverfisgötu, hemlað, þegar er hún varð bifreiðar stefnanda vör, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu. Einnig er ósannað, að bifreiðin G 3333 hafi staðnæmst, áður en árekstur bifreiðanna varð. Það stóðar eigi stefndu Jensínu til afsökunar, að hún sá ekki strax til ferðar bifreiðar stefnanda, og verður hún sjálf að bera áhættuna af þeirri vangæslu sinni.

Lögleyfður hámarkshraði á Hverfisgötu er 45 km á klukkustund. Ósannað er, að stefnandi hafi ekið hraðar en það, en samkvæmt framburði stefnanda og vitnisins Guðjóns Sigurbjörnssonar ók stefnandi á um eða yfir 40 km hraða. Atburðarrásin, það, hvar bifreið stefnanda loks nam staðar, og vegsummerki þykja ekki vera til marks um, að stefnandi hafi ekið alltof hratt miðað við aðstæður, þannig að kalla megi það hættuakstur, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu, og það er ósannað, að stefnandi hafi, er hann nálgadist gatnamótin, ekið á ólöglegum hraða eða á annan þann hátt óvarlega, að hann hafi gerst brotlegur við þau ákvæði 49. gr. umferðarlaga, sem vitnað er til í greinargerð stefndu. Það er ljóst, að stefnandi hemlaði ekki, þegar bifreiðinni G 3333 var ekið í veg fyrir hann, en þá kveðst stefnandi hafa verið u. þ. b. 2 m frá gatnamótunum, og vitnið kveður bifreið stefnanda þá hafa verið mjög nálægt gatnamótunum, heldur sveigði hann bifreið sinni til vinstri. Telja verður, að stefnandi hafi því brugðist við aðstæðum á edlilegan og réttmætan hátt og lagt sig fram um að forða árekstri (sic) við bifreiðina G 3333. Þótt til þess væri nægilegt rými á götunni að sveigja bifreiðinni Y 6305 fyrir bifreiðina G 3333, eins og haldið er fram í greinargerð stefndu, verður stefnanda ekki virt það til sakar, að honum skyldi ekki takast að forða árekstri (sic) við bifreiðina G 3333, sem stefnda Jensína ók andstætt umferðarreglum sem fyrr greinir. Samkvæmt framangreindu telst stefnda Jensína því hafa átt alla sök á árekstri bifreiðanna.

Þegar litið er til þeirra fjarlægða, sem ráða má af afstöðuteikningu af vettvangi og hér skipta máli, framburða stefnanda og vitnisins er ljóst, að árekstur bifreiðanna og áframhaldandi akstur bifreiðarinnar Y 6305 upp á gangstétt og utan í húsið hefur allt gerst í skjótri svipan, enda húsið skammt undan bifreiðinni Y 6305, er bifreiðarnar rákust á, en þá var bifreið stefnanda nokkuð þvert á götunni að sögn vitnisins. Það er með öllu óljóst, hvort stefnandi hefði forðað frekara tjóni (sic) eða dregið úr afleiðingum vangæslu ökumanns bifreiðarinnar G 3333 með því að hemla, er hér var komið, fremur en fyrr, sem áður greinir. Verður því að telja viðbrögð stefnanda edlileg og aksturstefnu hans við og eftir árekstur bifreiðanna, áframhaldandi akstur hans og áreksturinn við húsið afleiðingu þess, að stefnda Jensína ók í veg fyrir hann. Stefnandi hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi ekki hemlað fyrr en uppi á ganstéttinni og bifreið hans

þá verði orðin bein fyrir. „Þá hafi hann hemlað fast og Y 6305 hoppað upp við það að aftan og lent á húsinu sökum breiddar Y 6305. Bifreiðin sé búin loftheljum og diskum á öllum hjólum. Er hann hemlaði, hafi hægra afturhjólið numið alveg við rennusteininn og gangstéttarbrúnina og það því hoppað upp á gangstéttina við átakið.“ Af hálfu stefnanda er því ekki haldið fram, að nauðsyn hafi borið til fyrir stefnanda að hemla á þessum stað og með þessum hætti. Hins vegar þykir stefnandi ekki hafa mátt ætla, að bifreið hans mundi af þeim sökum lenda utan í húsinu, og ekki þykja með hliðsjón af atvikum öllum efni til að gefa stefnanda það að sök þannig, að hann þurfi að þola það tjón, sem varð á vinstri hlið bifreiðar hans bótalaust að hluta eða öllu, heldur verði að telja það á ábyrgð stefndu Jensinu sem afleiðingu þeirrar atburðarrásar, sem hún var frumvöld að. Verður niðurstaða málsins því sú, að stefndu skuli bæta stefnanda það tjón, sem hann varð fyrir, að fullu, en ekki er ágreiningur um fjárhæð þess. Ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum 12.000.00 krónur ásamt vöxtum, sem ákveðast 31% ársvextir frá tjóndegi 3. apríl 1980 til 1. júní sama ár, 46% ársvextir, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 30. maí 1980 um vexti við innlánsstofnanir o. fl., frá þeim degi til 26. ágúst 1980 sömu ársvextir, þ. e. hæstu innlánsvextir miðað við 12 mánaða vaxtaaukalan, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Dæma ber stefndu til að greiða stefnanda in solidum 3.600.00 krónur í málskostnað.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögu dómsins, stafar af önnur dómarsans við önnur embættisverk.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jensína Sigurgeirsdóttir og Hagrygging h/f, greiði stefnanda, Ævari Lúðvíkssyni, in solidum 12.000.00 krónur ásamt 31% ársvöxtum frá 3. apríl 1980 til 1. júní s. á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og 3.600.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.